

Alþingi
Erindi nr. P 131 / 1572
komudagur 25.4.2005

EYÞING – *Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum* –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is


Akureyri 22. apríl 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eypings hefur fengið til umsagnar frá menntamálanefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um staðbundna fjölmiðla, 234. mál.
Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eypings mælir með samþykkt tillögunnar.

f.h. stjórnar Eypings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri

Alþingi
Erindi nr. P 131/1672
komudagur 27.4.131/1672

Akureyri 20. apríl 2005


Menntamálanefnd Alþingis
b/t Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík


Umsögn um tillögu til þingsályktunar um staðbundna fjölmiðla, þskj. 240 – 234. mál:

Undirrituðum hefur, f.h. Félagsvísindadeildar Háskólans á Akureyri borist ofangreind þingályktunartillaga um staðbundna fjölmiðla. Sérstök ástæða er til að taka undir það sem í þessari þingsályktun kemur fram. Þær takmörkuðu rannsóknir sem gerðar hafa verið á staðbundnum fjölmiðlum benda til þess að þörf sé á aðgerðum til að tryggja nauðsynlega fjölbreytni í fjölmiðlaflórunni – ekki einungis varðandi hágróðurinn (landsdekkandi miðla) en þó ekki síður hvað varðar lággróðurinn (staðbundna miðla). Þannig er eftirfarandi meðal niðurstaðna úr athugun undirritaðs sem birtist í bókarkorninu “*Miðjan er undir iljum þínum – héraðsfréttablöð og nærffjölmiðlun á nýrri öld*”:

- Eftirspurn eftir nærfréttum er meiri en framboð.
- Staðbundnir miðlar mikilvæg uppspretta fréttanna fyrir landsmiðla og efla innviði nærsamfélagsins.
- Framboð takmarkast m.a. af litlu rekstrarlegu svigrúmi staðbundinna miðla.

Þingályktun þessi er því mjög tímabær og æskilegt að slík stefna sem þar kemur fram verði samþykkt.


Birgir Guðmundsson, lektor
Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri
Sólborg, Akureyri



**SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM**

FITJUM - 260 NJARÐVÍK
Sími 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1673
komudagur 27.4.2005

Suðurnesjum 25. apríl 2005.

*Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.*

Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um staðbundna fjölmiðla, 234. mál.

Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 22. apríl s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 6. apríl 2005 þar sem óskað var til umsagnar tillaga til þingsályktunar um staðbundna fjölmiðla, 234. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar.

Stjórnin tekur ekki afstöðu til tillögunnar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson framkv.stj.


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. apríl 2005 /RB

Vísað er til bréfs yðar, dags. 7. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar útvarpsréttarnefndar um tillögu til þingsályktunar um staðbundna fjölmiðla, 234. mál.

Útvarpsréttarnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

F.h. formanns útvarpsréttarnefndar
Benedikts Bogasonar


Rakel Björnsdóttir
starfsmaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1573
komudagur 25.4.2005



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Stærð 1917

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Reykjavík, 22. apríl 2005.

Efni: Tillaga til þingsál. um staðbundna fjölmiðla (234. mál).

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu. Verslunarráð leggst gegn því að fjármunir séu settir í gerð skýrslu af því tagi sem ályktunin mælir fyrir um. Verslunarráð er ekki sammála því að svæðisbundnir fjölmiðlar séu sérstök gerð fjölmiðla og því síður að hana þurfi að efla með einhverjum þeim tilteknum hætti sem ráðherraskipuð nefnd leggi til.

Verslunarráð leggst gegn því að tillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands.


Sigríður A. Andersen.

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS
HÚSI VERSLUNARRÁÐS ÍSLANDS
KIRKJUGATA 11
1003 REYKJAVÍK

SÍMI/TEL. (354) 510 7100
FAX (354) 568 6564

info@chamber.is
www.chamber.is

Alþingi
Erindi nr. P 131/1392
komudagur 19. 4. 2005

Bifröst, 18. apríl 2005

Ágæta menntamálanefnd.

Félagsvísinda- og hagfræðideild Viðskiptaháskólans á Bifröst hefur mótttekið til umsagnar þingsályktunartillögu um staðbundna fjölmiðla, (þskj. 240 – 234. mál) auk frumvarps til laga um Ríkisútvarpið sf., 643. mál og frumvarp til laga um breytingar á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 644. mál.

Deildin þakkar það traust sem henni er sýnt, en sér sér ekki fært að skila inn álitum að svo stöddu, þar eð formlega séð tekur hún ekki til starfa fyrr en 1. ágúst n.k. Frá og með þeim degi mun ekki standa á deildinni að fjalla um þau erindi sem nefndin kann að senda henni til umsagnar.

Kær kveðja,
Magnús Arni Magnússon,
Deildarforseti.